



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 6. júní 2019



Annar fundur 62. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 5. júní 2019 kl.12.00.

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Inga Lilja Lárusdóttir, Jón Viðar Stefánsson, Kristín Þórðardóttir, Magnús Karl Daníelsson, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Daði Hafþórsson og Guðríður Guðjónsdóttir

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. 4 mánaða uppgjör
AP kynnti 4 mánaða uppgjör og er reksturinn í jafnvægi.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
 - a. A landslið kvenna | Spánn og Noregur – DGB fór yfir æfingarbúðir í Noregi og fyrri leik liðsins í undankeppni HM við Spán. Vangaveltur komu upp hvort liðið hefði átt að koma fyrir en Spánar en það var mat skrifstofu og þjálfara að það væri ekki nauðsyn. Fyrri hálfleikur liðsins gegn Spáni var afar slakur og tapaðist leikurinn með 9 mörkum. Möguleikar liðsins fyrir síðari leikinn eru því takmarkaðir.
 - b. Formannafundur EHF – GBO fór yfir formannafund EHF sem fór fram um síðustu helgi og þau málefni sem voru rædd en GBO og RG voru fulltrúar HSÍ á fundinum. Mikill stuðningur var við Ísland í deilu okkar við Makedóníu varðandi hótél í ferð A landsliði karla til Makedóníu.
 - c. A landslið karla | Leikirnir framundan – A landslið karla fer til Grikklands á mánudaginn og spilar við heimamenn á miðvikudaginn í undankeppni EM. Lokaleikur liðsins verður svo sunnudaginn 16. Júní hér heima við Tyrkland. Möguleikar liðsins eru góðir.
 - d. Verkefni sumarsins
RG kynnti verkefni yngri landsliða í sumar en stórt sumar er framundan hjá okkar landsliðskrökkum.
4. Skipan nefnda
Ágætlega gengur að skipa í nefndir og þarf því starfi að vera lokið fyrir næsta fund stjórnar í ágúst. Nefndarformenn eru beðnir um að skila inn skipun nefnda til framkvæmdastjóra.
5. Staða styrktaraðila
Um síðustu helgi var fundur með Kempa og liggur nýr samningur á borðinu og verða áframhaldandi viðræður í júní.
6. Lokahóf
Verðlaunaafhending fyrir síðasta tímabil verður haldin á undan landsleik Íslands og Tyrklands þann 16. Júní.
7. Breytingar á reglugerðum – formannafundur
Formannafundur verður haldinn á undan landsleik Íslands og Tyrklands þann 16. Júní nk. Þar sem reglugerðarbreytingar verða kynntar fyrir næsta tímabil
8. Útsendingarréttur



Samningar um sýningarrétti renna út eftir ár en RG er byrjaður að skanna markaðinn.

9. Þátttaka á smáþjóðaleikum

Andorra og Lúxemborg hafa lýst yfir áhuga að koma handbolta inná smáþjóðaleikana. Stjórn HSÍ líst vel á þá hugmynd og vinnur GBO áfram með hana gagnvart öðrum löndum.

10. Önnur mál

Næsti fundur stjórnar HSÍ verður miðvikudaginn 14. ágúst kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari